

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. október 2014
Tilvísun: UST20141000038/ksj


Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028 á athafnasvæði við Vogavík. Tillaga að deiliskipulagi fyrir sama svæði.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 6.október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028 á athafnasvæði við Vogavík, og lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir sama svæði.

Í lýsingu kemur fram áætlað er að gerð verði tillaga að aðalskipulagsbreytingu þar sem mörkum athafnasvæðis A-3 og hverfisverndarsvæðis H-1 verður breytt. Einnig kemur fram í lýsingu að skipulagsbreytingarnar fela í sér framkvæmdir sem falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu. Stofnunin telur að í lýsingunni sé gerð fullnægjandi grein fyrir helstu umhverfisáhrifum sem áætlað er að fjalla um í væntanlegri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028, athafnasvæði Vogavík og tillögu að deiliskipulagi fyrir sama svæði.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur